

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 4. desember 2013 í máli nr. E-3344/2012:

Dainius Zelvys

(Borgar Þór Einarsson hdl.)

gegn

Íslenska ríkinu

(Fanneý Rós Þorsteinsdóttir hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 14. nóvember síðastliðinn, var höfðað 10. október 2012 af Dainius Zelvys, Daggarvöllum 4b, Hafnarfirði gegn íslenska ríkinu til greiðslu skaðabóta.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda samtals 750.000 krónur ásamt almennum vöxtum skv. 1. mgr. 8. gr. sbr. 1. málslið 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 14. desember 2011 til 11. nóvember 2012, en frá þeim degi með dráttarvöxtum skv. 9. gr. sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að íslenska ríkið verði dæmt til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins auk virðisaukaskatts eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins.

Til vara er þess krafist að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður verði látinn niður falla.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Samkvæmt því sem greinir í stefnu málsins og greinargerð stefnda er aðdragandi atvika málsins sá að lögreglu höfðu ítrekað borist upplýsingar um að stefnandi stundaði sölu og dreifingu ólöglegra fikniefna. Ábendingar þessar höfðu stafað frá fleiri en einum aðila og verið taldar áreiðanlegar. Stefnandi hafði áður orðið uppvís að fikniefnamisferli þegar lögregla lagði hald á nokkurt magn fikniefna við húsleit á heimili hans í október 2010. Enn fremur hafði lögregla áður lagt hald á fjármuni, sem taldir höfðu verið ávinningur af fikniefnasölu. Héraðsdómur Reykjaness féllst 13. desember 2011 á kröfu lögreglu um heimild til leitar á heimili stefnanda, þar sem skilyrði 1. mgr. 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála voru talin uppfyllt.

Húsleitin fór fram 14. desember 2011, kl. 09:29. Unnusta stefnanda var á fótum og hleypti lögreglu inn í íbúðina. Stefnandi var þá sofandi í hjónaherbergi íbúðarinnar

en vaknaði við komu lögreglu. Stefnanda var tilkynnt að verið væri að framkvæma húsleit. Hann brást illa við og greip til farsíma sem hann neitaði að láta af hendi. Hann var þá færður í handjárn, honum kynnt réttindi handtekings manns og dómsúrskurður um heimild til leitar á heimili hans. Þegar stefnandi hafði róast var hann leystur úr handjárnnum og ekki þótti ástæða til að færa stefnanda á lögreglustöð vegna rannsóknarinnar. Aðgerðir lögreglu tóku samkvæmt lögregluskýrslu og greinargerð stefnda rúman klukkutíma og var samkvæmt skráningu lokið kl. 10:43.

Engin fíkniefni fundust í íbúð stefnanda, en hald var lagt á myndavél, tölvugagnageymslu (flakkara) og skjöl, sem talin voru geta haft sönnunargildi í rannsókninni. Rannsókn á hinum haldlögðu munum leiddi ekki til þess að kalla þyrfti stefnanda til yfirheyrslu. Rannsókn málsins var hætt 17. júlí 2012. Sama dag var lögmanni stefnanda tilkynnt um niðurfellingu málsins og honum afhent málgögn. Þá hafði lögmaður stefnanda óskað ítrekað eftir upplýsingum og gögnum málsins hjá lögreglu.

Stefnandi telur að hann eigi rétt á bótum samkvæmt 228. gr. laga um meðferð sakamála, nr. 88/2008, vegna húsleitar á heimili hans og handtöku í tengslum við húsleitina og vegna þess langa tíma sem liðið hafi frá húsleitinni þar til hann fékk staðfestingu á því að rannsókn hefði verið hætt. Stefndi telur stefnanda hafa fyrirgert bótarétti sínum þar sem hann hafi sjálfur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á.

Við aðalmeðferð málsins komu stefnandi og sambýliskona hans fyrir dóminn, svo og tveir þeirra fimm lögreglumanna sem að rannsóknaraðgerðunum stóðu og lýstu þau öll atvikum á vettvangi þegar húsleitin fór fram. Stefnandi naut aðstoðar tólks við skýrslugjöfina.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að 228. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála feli í sér hlutlæga bótaskyldu hins opinbera. Bæði megi greina það af efni ákvæðisins og eins með gagnályktun við athugasemdir greinargerðar með frumvarpi til laganna. Nánar geri stefnandi grein fyrir einstaka kröfuliðum þannig:

Miskabætur vegna húsleitar á heimili

Um leit og líkamsrannsókn sé fjallað í X. kafla laga um meðferð sakamála. Þar komi meðal annars fram í 1. mgr. 74. gr. heimild til að leita í húsum sakborninga, geymslustöðum, hirslum og farartækjum hans í því skyni hafa uppi á munum sem hald skuli leggja á.

Í 3. mgr. 74. gr. komi fram það skilyrði fyrir húsleit að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt geti kærðu og að sakborningur hafi verið þar að verki. Enn fremur sé það skilyrði gert að rannsókn beinist að broti sem geti varðað fangelsisrefsingu að lögum.

Í húsleitarskýrslu lögreglu komi ekkert fram um að stefnandi hafi verið grunaður um brot sem sætt geti ákæru, hvað þá að rökstuddur grunur hafi leikið á að hann hafi framið brot sem varðað geti fangelsisrefsingu. Raunar komi ekkert fram um ástæður þess að húsleit var gerð hjá stefnanda. Hann hafi enn í dag ekki fengið útskýringar á því hvað legið hafi að baki húsleitinni.

Lögregla hafi ekki farið inn í íbúð stefnanda með það fyrir augum að leggja hald á tiltekna muni heldur hafi fjórir að því er virðist ótengdir hlutir verið teknir án þess að stefnanda hafi verið gerð grein fyrir hvers vegna.

Stefnandi telji að sú staðreynd að hann hafi áður komið við sögu lögreglu sé ekki til þess fallin að réttlæta húsleit á heimili hans í umrætt sinn, enda hafi rannsókn málsins lokið með því að stefnandi hafi játað brot sín. Í rannsóknargögnum lögreglu sé ekki vísað til neins sem réttlætt hafi leitina. Virðist sem lögregla hafi farið í húsleit með það fyrir augum að leita að einhverju sem mögulega gæti bendlað stefnanda við refsiverða háttsemi. Lögreglan virðist hins vegar ekki hafa verið að rannsaka tengsl eða aðkomu stefnanda að ákveðnu broti.

Af ofangreindu megi sjá að með húsleitinni hafi lögregla brotið gegn 3. mgr. 74. gr. laga um meðferð sakamála með því að fara í húsleit þegar lagalegum skilyrðum aðgerðarinnar hafi ekki verið fullnægt. Skilyrðum 228. gr. laganna sé fullnægt í þessum lið og eigi stefnandi því rétt til bóta fyrir hann á hlutlægum grundvelli.

Stefnandi bendi á að þegar lögregla hafi framkvæmt húsleit á heimili hans hafi þar verið húsgestur, kærasta hans. Fara hefði mátt hægar í sakirnar, samanber 3. mgr. 79. gr. laga nr. 88/2008 og 14. gr. lögreglulaga, nr. 90/1996, en húsleit við þessar aðstæður hafi verið til þess fallin að valda stefnanda óþarfa niðurlægingu og álitshnekki frammi fyrir kærustu sinni. Telur stefnandi að honum hafi verið unnið óhagræði og miski með þessu, samanber 3. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 og 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, og skuli það koma til skoðunar við ákvörðun miskabóta.

Í 79. gr. laga um meðferð sakamála segi í 2. mgr. að eiganda eða umráðamanni húsakynna skuli kynnt heimild til húsleitar. Lögregla hafi gengið inn í íbúð stefnanda meðan hann hafi legið sofandi en ekki beðið þess að kærasta hans vekti hann. Í ljósi framangreinds verði að teljast hafa verið brotið gegn 2. mgr. 79. gr. Skuli þetta koma til skoðunar við ákvörðun miskabóta.

Loks segi í 3. mgr. 79. gr. laga um meðferð sakamála að við leit og líkamsrannsókn skuli gæta þeirrar varfærni og hlífðar sem samræmist markmiði hennar. Ekki skuli gera húsleit að næturþeli nema brýnir rannsóknarhagsmunir séu í húfi. Í lögregluskýrslu komi ekkert fram að húsleitinn hafi tengst rannsókn á ákveðnu máli en engu að síður hafi stefnandi verið vakinn harkalega af værum blundi og handjárnaður í kjölfarið. Ekki sé að sjá að gætt hafi verið þeirrar varfærni og hlífðar sem mælt sé fyrir um í 3. mgr. 79. gr. laganna með því að stefnanda hafi ekki verið gefinn hæfilegur tími til að rísa úr rúmi áður en lögreglumenn hafi gengið inn í íbúð hans.

Fyrir miska sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna húsleitar á heimili sínu krefjist hann 300.000 króna í miskabætur.

Miskabætur vegna handtöku

Í 2. mgr. 79. gr. laga um meðferð sakamála segi að hverjum þeim sem hindri eða trufla húsleit megi víkja brott af leitarstað. Í ákvæðinu sé hins vegar ekki heimild til að taka viðkomandi höndum.

Um handtöku sé fjallað í XIII. kafla laga um meðferð sakamála. Í 1. mgr. 90. gr. segi að lögreglu sé rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Í málinu liggi ekki fyrir að rökstuddur grunur hafi verið um að stefnandi hafi framið brot sem sætt geti ákæru, ekki sé að sjá að handtaka hafi verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot og ekki hafi hún verið framkvæmd til að tryggja návist eða öryggi stefnanda. Þar sem húsleitinn hafi ekki verið gerð í tengslum við rannsókn á ákveðnu máli eða í leit að ákveðnum munum sé ekki hægt að fallast á að stefnandi hafi verið tekinn höndum til að koma í veg fyrir spillingu sönnunargagna.

Þá sé heldur ekki að sjá að aðrar málsgreinar 90. gr., 91. eða 92. gr. eigi við um stefnanda, þannig að handtaka hans verði réttlætt á grundvelli þeirra.

Loks segi í 1. mgr. 93. gr. laga um meðferð sakamála að við handtöku skuli upplýsa þann sem handtekinn sé um ástæður hennar. Í 2. mgr. sömu greinar segi að við handtöku skuli forðast að valda hinum handtekna tjóni eða baka honum meiri óþægindi en nauðsyn beri til. Þess beri jafnframt að gæta eftir föngum að hann geti ekki unnið tjón á sjálfum sér eða öðrum.

Af gögnum málsins sé í fyrsta lagi ekki að sjá að stefnandi hafi verið upplýstur um ástæður þess að hann var tekinn höndum. Þá sé ekki að sjá að handtaka hafi verið nauðsynleg til að stuðla að verki lögreglu, þannig að sömu markmiðum hefði ekki verið náð án þess að færa stefnanda í járn. Ljóst sé að stefnandi hafi verið beittur aðgerðum sem um sé rætt í XIII. kafla laga nr. 88/2008. Skilyrðum 228. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 sé fullnægt í þessum lið og eigi stefnandi því rétt til bóta fyrir handtöku á hlutlægum grundvelli.

Fyrir miska sem stefnandi hafi orðið fyrir vegna ofangreindra aðgerða krefjist stefnandi 200.000 króna í miskabætur.

Miskabætur vegna tafa á máli

Stefnandi telji sig eiga kröfu á bótum vegna þess langa tíma sem liðið hafi frá húsleitinni þar til hann hafi fengið staðfestingu á því að rannsókn hefði verið hætt. Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 eigi maður, sem borinn hafi verið sökum í sakamáli, rétt til bóta hafi mál hans verið fellt niður og sé sú bótaábyrgð hins opinbera hlutlæg. Þar sem skilyrði ákvæðisins séu uppfyllt í þessu máli geri stefnandi kröfu til miskabóta. Við ákvörðun miskabóta beri sérstaklega að líta til þess að lögmaður stefnanda hafi sent lögreglunni sex bréf til að kanna stöðu málsins og óska eftir gögnum. Þá hafi lögmaður stefnanda einnig hringt tvívegis í

lögreglu í sömu erindagjörðum. Engar skýringar hafi verið gefnar á seinagangi lögreglunnar og enn í dag hafi stefnandi ekki fengið að vita um hvaða afbrot hann hafi verið grunaður þegar húsleitin hafi verið framkvæmd þann 14. desember 2011.

Stefnandi krefjist 250.000 króna í miskabætur fyrir tjón sem hann hafi orðið fyrir vegna ofangreindra aðgerða.

Skilyrðum 3. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála sé fullnægt í málsástæðuliðum um húsleit og handtöku. Gert sé ráð fyrir því í ákvæðinu að maður, sem ekki hafi verið borinn sökum í sakamáli, geti krafist bóta samkvæmt 2. mgr. hennar, hafi hann t.d. orðið fyrir fjárhagslegu tjóni af völdum þeirra aðgerða sem þar sé vísað til. Við munnlegan flutning málsins féll lögmaður stefnanda frá þeim málsástæðum í greinargerð sem byggja á 3. mgr. 228. gr. sakamálalaga.

Í 2. málslið 2. mgr. 228. gr. laganna komi fram sú undantekningarregla að þó megi fella niður bætur eða lækka þær hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Stefnandi telji að túlka beri þetta ákvæði þröngt í ljósi ákvæðis 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar sem kveði á um að hafi maður verið sviptur frelsi að ósekju skuli hann eiga rétt til skaðabóta. Sú túlkun sé einnig í samræmi við ákvæði 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, um að hver maður sé saklaus uns sekt sé sönnuð.

Stefnandi hafi orðið fyrir því að framkvæmd hafi verið húsleit á heimili hans án þess að hann hafi verið grunaður um nokkurt brot. Þá hafi hann verið tekinn höndum á meðan húsleit hafi verið framkvæmd í íbúð hans, en stefnandi hafi þá verið nývaknaður. Tæpum átta mánuðum síðar hafi stefnanda loks verið tilkynnt, eftir ítrekaðar beiðnir um upplýsingar um stöðu málsins, að málið hafi verið fellt niður. Ekkert sé fram komið í málinu sem geti réttlætt að bætur til hans verði lækkaðar, hvað þá felldar niður að öllu leyti.

Um fjárhæð miskabóta og dráttarvexti

Samkvæmt 5. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 skuli bæði bæta fjártjón og miska. Stefnandi krefjist miskabóta. Í 26. gr. skaðabotalaga nr. 50/1993 sé fjallað um miskabætur. Þar segi meðal annars að „heimilt sé að láta þann sem af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi beri ábyrgð á ólögumætri meingerð gegn frelsi friði, æru eða persónu manns greiða miskabætur til þess sem misgert var við“. Stefnandi telji með hliðsjón af dómafordæmum að miski hans vegna málsins sé ekki lægri en stefnukrafan. Kröfur um dráttarvexti styðji stefnandi við III. og IV. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum.

Um lagarök vísi stefnandi til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars og stjórnarskrár lýðveldisins um þvingunaraðgerðir. Þá vísi stefnandi til ákvæða laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, sérstaklega 74., 79., 90., 93. og 228. gr. Þá vísi stefnandi til 67. gr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944, sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 97/1995 til stuðnings kröfu sinni. Loks vísi hann til 5. og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Kröfur um dráttarvexti styðji stefnandi við III. og IV. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 með síðari breytingum. Kröfur um málskostnað styðji stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Varðandi varnarþing vísist til 32.

gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmæli málatilbúnaði stefnanda og kröfum á honum reistum. Aðgerðir lögreglu hafi verið fyllilega lögmætar og réttmætt tilefni til þeirra. Húsleit á heimili stefnanda og handtaka hans hafi byggst á rökstuddum grun um að hann hafi framið brot sem sætt gæti ákæru, sem sé fíkniefnabrot.

Leit lögreglu á heimili stefnanda hafi verið gerð á grundvelli úrskurðar dómara. Krafa lögreglu hafi byggst á áreiðanlegum upplýsingum um brotastarfsemi stefnanda. Stefnandi hafi legið undir rökstuddum grun um fíkniefnamisferli og talið hafi verið nauðsynlegt í þágu rannsóknar málsins að lögreglu yrði veitt heimild til leitar í húsnaði hans í því skyni að finna þar og leggja hald á muni sem sönnunargildi kynnu að hafa í málinu. Fallist hafi verið á að krafa lögreglu hlyti meðferð fyrir dómi án þess að stefnandi yrði kvaddur á dómþing, enda gæti vitneskja hans um yfirvofandi húsleit spillt fyrir rannsókn. Dómari hafi talið viðeigandi lagaskilyrði uppfyllt og veitt heimild til leitar, sbr. 1. mgr. 75. gr. og 1. mgr. 74. gr. laga nr. 88/2008. Húsleitinn hafi verið lögmæt og sé því vísað á bug að skilyrði 3. mgr. 74. gr. laganna hafi ekki verið uppfyllt.

Stefndi mótmæli því að standa hefði mátt betur að framkvæmd húsleitarinnar og að fara hefði mátt vægar í sakirnar. Stefnandi telji að honum hafi verið unnið óhagræði og miski með því að lögregla hafi framkvæmt leit þegar unnusta hans hafi verið gestkomandi á heimili hans. Lögreglu sé óhægt um vik að miða aðgerðir sínar við gestakomur á heimili þeirra sem leitað sé hjá og meti það svo að rannsóknarhagsmunir vegi þyngra. Í stefnu segi enn fremur að lögregla hafi með aðgerðum sínum raskað næturró stefnanda og vakið hann af værum blundi. Jafnframt að lögregla hafi ekki gætt nægilegrar varfærni og hlífðar þar sem stefnanda hafi ekki verið gefinn nægur tími til að rísa úr rekkju áður en lögreglumenn hafi komið inn í íbúð hans. Þessu sé mótmælt og á það bent að aðgerðir lögreglu hafi hafist kl. 09:29 um morguninn og þar með ekki raskað næturró stefnanda. Lögreglu sé skylt að tryggja vettvang þannig að hugsanlegum sönnunargögnum verði ekki spillt. Lögreglu hafi því verið rétt að hefja inngöngu á leitarstað svo fljótt sem unnt hafi verið í stað þess að bíða eftir því að stefnandi yrði vakinn af nærfærni. Stefnandi fullyrði að húsleitinni hafi verið hagað með þeim hætti að sem minnst óhagræði eða röskun yrði af, þótt tryggja yrði fyrst og fremst að hún þjónaði tilgangi rannsóknarinnar. Hafi leitinn því verið í fullu samræmi við 3. mgr. 79. gr. laga nr. 88/2008 og 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Þá sé það enn fremur rangt sem fram komi í stefnu að brotið hafi verið gegn 2. mgr. 79. gr. laga nr. 88/2008, um að kynna verði ástæður húsleitar fyrir eiganda eða umráðamanni húsakynna. Stefnandi hafi verið kynntur úrskurður héraðsdóms og þar með ástæður húsleitar.

Með vísan til III. kafla lögreglulaga, einkum 1. mgr. 16. gr., og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 hafi lögreglu verið heimilt að handtaka stefnanda. Samkvæmt 19. gr. lögreglulaga sé skylt að hlýða fyrirmælum lögreglu. Lögreglu sé því heimilt að handtaka mann í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu. Þá sé handtökuheimildin í 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 skýr. Lögreglu sé rétt að

handtaka mann leiki rökstuddur grunur á að hann hafi framið brot sem sætt geti ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg meðal annars til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Stefnandi hafi legið undir rökstuddum grun um að hafa framið brot sem sætt geti ákæru. Við afskipti lögreglu á leitarstað hafi stefnandi brugðist illa við. Hann hafi verið æstur, ekki virst geta verið kyrr og hafi ekki hlýtt fyrirmælum lögreglumanna. Þannig hafi hann meðal annars neitað að láta farsíma af hendi og streist við að setja hendur fyrir aftan bak þegar lögregla hugðist færa hann í handjárn. Handtaka og beiting handjárna hafi því verið nauðsynleg til að tryggja návist stefnanda og öryggi hans. Jafnframt hafi handtakan verið nauðsynleg til að tryggja öryggi lögreglumanna og til að koma í veg fyrir að stefnandi spillti sönnunargögnum. Skilyrði til handtöku samkvæmt III. kafla lögreglulaga og 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 hafi því verið uppfyllt. Því sé mótmælt að stefnandi hafi verið handtekinn að nauðsynjalausu og að meðalhófs hafi ekki verið gætt. Meðalhófs hafi verið gætt og handtakan staðið yfir í eins skamman tíma og unnt hafi verið miðað við aðstæður. Um leið og stefnandi hafi áttað sig á aðstæðum og sýnt stillingu hafi handjárn verið losuð af honum.

Stefndi mótmæli því að óhóflegur dráttur hafi orðið á rannsókn málsins. Stefndi byggji þvert á móti á því að rannsókn máls þessa hafi verið í samræmi við lög og réttilega hafi verið að henni staðið. Lögregla hafi framkvæmt húsleit á heimili stefnanda að morgni 14. desember 2011. Afritun tölvu- og ljósmyndagagna, sem hald hafi verið lagt á við húsleitina, hafi lokið 11. janúar 2012. Geymslurými á flakkarannum hafi verið fyrir 1000 GB af gögnum. Gögnin hafi fyllt átta geisladiska og því ljóst að um mjög mikið magn gagna hafi verið að ræða, sem afar tímafrekt hafi verið að fara í gegnum. Ákvörðun um að rannsókn skyldi hætt hafi verið tekin 17. júlí 2012 og hafi stefnanda verið tilkynnt um ákvörðunina samdægurs. Rannsókn málsins hafi því tekið sjö mánuði. Stefndi mótmæli því að sá tími sem liðið hafi uns málið hafi verið fellt niður geti leitt til bóta. Ekki fáist séð að um óhóflegan drátt á rannsókn hafi verið að ræða heldur hafi málsmeðferðin verið fyllilega í samræmi við 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008.

Ljóst sé að stefnandi hafi verið borinn sökum í sakamáli sem síðan hafi verið fellt niður. Að því leyti séu skilyrði 1. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála uppfyllt. Hins vegar sé það ljóst að stefnandi hafi verið valdur að eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfur sínar á. Lögregla hafi fengið áreiðanlegar upplýsingar um að stefnandi stæði að sölu fíkniefna. Hafi því legið fyrir rökstuddur grunur um alvarlegt brot sem sætt gæti ákæru. Hafi lögreglu borið að bregðast við slíkum ábendingum, ekki síst í ljósi þess að stefnandi hafði áður komið við sögu lögreglu vegna innflutnings og framleiðslu á fíkniefnum. Lögregla hafi því aflað dómsúrskurðar og framkvæmt húsleit á heimili stefnanda. Tímabilið fram að því er lögregla hafi hafið húsleit á heimili stefnanda geti ekki skapað stefnanda bótarétt, enda hafi hin eiginlega þvingunaraðgerð þá ekki farið fram. Um leið og lögregla hafi hafið húsleit á heimili stefnanda hafi hann brugðist ókvæða við. Hann hafi verið æstur, gripið farsíma þrátt fyrir að lögregla hafi sagt honum að geyma símann og hafi ekki getað verið kyrr. Stefnandi hafi engum fyrirmælum lögreglu hlýtt, en almenningi beri að hlýða fyrirmælum lögreglu, sbr. 19. gr. lögreglulaga. Með þessu hátterni sé fyllilega ljóst að mati stefnda að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til bóta. Framferði stefnanda hafi svo augljóslega stuðlað að aðgerðum gegn honum að ekki séu efni til að velta því upp hvort túlka beri 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008 þröngri skýringu. Gagnvart 67. gr. stjórnarskrárinnar sé ljóst að löggjafinn hafi

heimild til að ákveða hversu ríkan rétt til bóta sakaðir menn kunni að njóta. Dómaframkvæmd beri þess ekki merki að skýra beri ákvæðið þröngt í ljósi stjórnarskrárinnar. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda með vísan til 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008.

Lögregla hafi handtekið stefnanda í samræmi við III. kafla lögreglulaga og 90. gr. laga nr. 88/2008, meðal annars í þeim tilgangi að tryggja návist hans og öryggi og að sönnunargögnum yrði ekki spillt. Í samræmi við XIII. kafla laga nr. 88/2008 hafi stefnandi verið upplýstur um réttarstöðu sína vegna handtöku. Þá hafi honum einnig verið kynntur úrskurður dómara, sbr. 2. mgr. 79. gr. laganna. Stefnanda hafi hlotið að vera ljóst að með framferði sínu við húsleitina hafi hann kallað á aðgerðir lögreglu. Handtaka og húsleit hafi við þessar aðstæður verið nauðsynlegar og réttmætar. Þá byggji stefndi á því að eins og atvikum hafi verið háttað hafi framkvæmd leitar ekki verið brot á 3. mgr. 79. gr. laga nr. 88/2008 og 14. gr. lögreglulaga, enda hafi dómsúrskurður legið til grundvallar leitinni.

Stefndi hafni því að grundvöllur sé fyrir miskabótakröfu samkvæmt b-lið 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á eða stutt það gögnum að aðgerðir lögreglu hafi falið í sér ólögmdæta meingerð gegn frelsi stefnanda, friði, æru eða persónu. Því sé mótmælt að bótaskylda sé fyrir hendi hvort heldur á grundvelli almennra reglna eða 26. gr. skaðabótalaga.

Stefndi ítreki að stefnandi hafi sannanlega stuðlað að aðgerðum lögreglu hvort sem litið sé til 228. gr. laga nr. 88/2008 eða almennra fébótareglna. Þá sé skýrt kveðið á um það í dómsúrlausnum Hæstaréttar að þau ákvæði stjórnarskrár eða mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem vísað sé til í stefnu, veiti ekki ríkari bótarétt en ákvæði 228. gr. laga nr. 88/2008. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda sé á því byggt að lækka beri kröfur stefnanda til muna með vísan til fyrri málsástæðna auk þess sem kröfur stefnanda séu ekki í samræmi við dómaframkvæmd þar sem fallist hafi verið á bótaskylda.

Af hálfu stefnda sé kröfum um vexti og dráttarvexti mótmælt, einkum upphafstíma þeirra. Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað vísist til XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í máli þessu hefur stefnandi uppi bótakröfu vegna handtöku, húsleitar og tafa á máli. Byggir stefnandi málaltilbúnað sinn aðallega á þeim grunni að honum beri réttur til bóta með vísan til 228. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Samkvæmt 1. mgr. 228. gr. sakamálalaga á maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann væri talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. segir að dæma skuli bætur vegna ráðstafana samkvæmt IX. til XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi, en ákvæði um heimild til handtöku, húsleitar og haldlagningar er að finna í þeim köflum laganna. Þá segir

þar að bætur megi fella niður eða lækka ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfur sínar á.

Bæta skal fjártjón og miska ef því er að skipta samkvæmt 5. mgr. 228. gr. sakamálalaga. Í máli þessu er ekki sýnt fram á fjártjón, en miskabóta er krafist. Stefnandi styður kröfu sína um miskabætur við það að aðgerðir lögreglu hafi verið ólögmatar og að ekki hafi verið gætt meðalhófs við beitingu þeirra.

Samkvæmt 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga er lögreglu rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt getur ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot, til að tryggja návist hans eða öryggi hans eða annarra, ellegar til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum.

Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. sakamálalaga er heimilt að leita í húsum sakbornings í því skyni að handtaka hann, rannsaka andlag brots og önnur ummerki eða hafa uppi á munum sem hald skal leggja á. Skilyrði þess að unnt sé að framkvæma húsleit er að rökstuddur grunur leiki á að framið hafi verið brot sem sætt geti ákæru og sakborningur hafi verið þar að verki, enda séu augljósir rannsóknarhagsmunir í húfi, sbr. 3. mgr. 74. gr. laganna.

Samkvæmt framburði stefnanda og vitna fyrir dóminum þykir upplýst að atburðarás á heimili stefnanda 14. desember 2011 hafi verið með þeim hætti að lögregla hafi barið að dyrum á tíunda tímanum að morgni þess dags. Lögregla hafði daginn áður aflað heimildar dómara til að framkvæma húsleit hjá stefnanda, en húsleit hjá honum var hluti af stærri aðgerð fikniefnadeildar lögreglu og voru fleiri húsleitir framkvæmdar á sama tíma.

Unnusta stefnanda var á fótum og opnaði fyrir óeinkennisklæddum lögreglumönnum, sem sýndu lögreglumerki og kynntu sig og erindi sitt, sem væri húsleit á grundvelli dómsúrskurðar. Stefnandi svaf þá en vaknaði við það að tveir lögreglumenn komu með unnustu hans inn í svefnherbergið, kveiktu þar ljós og tilkynntu erindi sitt og að þeir væru lögreglumenn, bæði á ensku og á íslensku. Unnusta stefnanda mun jafnframt hafa upplýst hann á öðru tungumáli um að þeir væru lögreglumenn. Stefnandi hafi hrokkið upp og verið brugðið og farið æstur fram í stofu á nærbuxum einum fata. Lögreglan hafi svo farið með hann í svefnherbergið aftur til að hann gæti klætt sig, en í stað þess að finna sér föt hafi hann gripið til farsíma á náttborðinu. Lögreglu hafi brugðið við það og skipað stefnanda í þrígang að afhenda símann, sem hann hafi ekki gert heldur haldið honum frá lögreglu.

Þá hafi lögregla handjárnað stefnanda og tilkynnt honum að hann væri handtekinn og farið með hann fram í stofu þar sem hann sat hálfnakinn um stund. Þegar stefnandi hafði róast og áttað sig á því sem var að gerast voru handjárnin tekin af honum. Að sögn beggja lögreglumanna sem báru vitni var það að hámarki í fimm mínútur sem stefnandi var í járnum, en stefnandi taldi það nær hálf tíma. Í lögregluskýrslu segir um tímalengdina að stefnandi hafi verið losaður skömmu síðar þegar hann hafi verið búinn að átta sig. Stefnanda var, meðan hann var í járnum, kynntur úrskurður dómara um heimild til húsleitarinnar. Hann klæddist í slopp sem unnusta hans kom með til hans þegar hann var laus úr járnum og sátu þau saman í sófa í stofunni meðan húsleitinn fór fram með friði og spekt samkvæmt

lýsingum stefnanda og vitna. Aðgerðin tók rúma klukkustund í heild. Stefnandi hreyfði engum mótmælum við húsleitinni eða haldlagningu muna og ekki þótti tilefni til að færa hann á lögreglustöð til skýrslutöku.

Mál stefnanda var fellt niður í skilningi 1. mgr. 228. gr. sakamálalaga þegar honum var tilkynnt 17. júlí 2012, með vísun til 4. mgr. 52. gr. sömu laga, að rannsókn hefði verið hætt. Maður sem borinn hefur verið sökum í sakamáli á rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður samkvæmt 1. mgr. 228. gr. sakamálalaga, sem fyrr segir.

Þegar atvik málsins eru virt, eins og þau horfðu við þeim sem með rannsókn málsins fóru á þeim tíma er stefnandi var handtekinn, þykja umræddar aðgerðir lögreglu hafa verið eðlilegar og lögmætar. Þá verður ekki fallist á það með stefnanda að handtakan, eins og hún var framkvæmd, hafi ekki verið í samræmi við reglur, hún hafi á einhvern hátt verið óeðlileg, eða að stefnandi hafi verið hafður í handjárnnum lengur en efni stóðu til og rannsóknarhagsmunir kröfðust. Verður því ekki annað séð en að þær aðgerðir lögreglu, sem beindust að stefnanda, hafi verið eðlilegar, eins og á stóð, og í samræmi við rannsóknarhagsmuni. Færð hafa verið viðhlítandi rök fyrir því að nauðsyn hafi borið til þessara aðgerða og ekki verður séð að þær hafi verið framkvæmdar á særandi eða móðgandi hátt gagnvart stefnanda. Þá verður ekki fallist á það með stefnanda að skilyrðum húsleitar, samkvæmt fyrrgreindum ákvæðum laga nr. 88/2008, hafi ekki verið fullnægt, enda lá dómsúrskurður henni til grundvallar.

Sá fyrirvari, sem settur er í 2. ml. 2. mgr. 228. gr. laga um meðferð sakamála, að bætur megi fella niður eða lækka ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á, leiðir til þess að úrlausn þess hvort stefnandi hafi fyrirgert rétti þeim til bóta sem mælt er fyrir um í fyrri málslið 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, eða hvort bætur skuli sæta lækkun, veltur á því hvort hann hafi í skilningi annars málsliðar 2. mgr. 228. gr. valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem bótakröfur hans eru reistar á. Er í þessu sambandi til þess að líta að ákvæði 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæði mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, sem stefnandi vísar einnig til bótakröfu sinni til stuðnings, ber að túlka, eins og rakið er í dómi Hæstaréttar í máli nr. 175/2000 sem birtur er í dómasafni réttarins það ár á blaðsíðu 3135, með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar, þar á meðal um eigin sök.

Í úrskurði dómara um heimild til húsleitar hjá stefnanda kemur fram að áður hafi fundist töluvert magn fikniefna og um sex milljónir króna í reiðufé á heimili hans við húsleit og að lögreglu hafi borist ítrekaðar ábendingar um að stefnandi stundi sölu og dreifingu fikniefna. Af hálfu stefnanda er á það bent að rannsókn fyrri mála sé lokið, stefnandi hafi játað brot sín og að þessi húsleit verði ekki réttlætt með vísun til þeirra brota. Ekki verður fram hjá því litið að með fyrri þátttöku sinni í fikniefnabrotum hefur stefnandi aukið líkur á því að grunur falli á hann þegar slík brot eru til rannsóknar og lögreglu berast ábendingar um að hann eigi þar hlut að máli. Með framferði sínu stuðlaði stefnandi þannig að því að heimilað yrði að húsleit færi fram á heimili hans.

Handtaka stefnanda fólst í því að hann var settur í handjárn í skamma stund á heimili sínu og var leystur úr þeim jafnskjótt og hann hafði náð stjórn á skapi sínu og áttað sig á aðstæðum. Vegna rannsóknarhagsmuna gat lögregla ekki heimilað honum að nota farsíma meðan leitin stóð og vegna viðbragða stefnanda var

nauðsynlegt að handjárnna hann um stund. Lögregla hafði frumkvæði að því að stefnandi klæddist við upphaf húsleitarinnar, en þá greip stefnandi til símans. Það er álit dómsins að stefnandi hafi með framferði sínu stuðlað að þeim aðgerðum, sem hann reisir nú kröfur sínar á.

Þykja því, með vísan til 2. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, vera skilyrði til þess að fella niður bætur til handa stefnanda og verða stefnanda ekki dæmdar bætur vegna húsleitar eða handtöku.

Fyrir liggur að stefnandi hafði stöðu sakbornings í rúma sjö mánuði, þar til rannsókn málsins var hætt og það fellt niður. Stefnandi krefst miskabóta vegna þess tíma sem rannsóknin tók og vísar til hlutlægrar ábyrgðar stefnda samkvæmt 1. mgr. 228. gr. laga nr. 88/2008. Í þeim lögum er á hinn bóginn enga slíka reglu að finna um rétt sakaðs manns til bóta vegna tafa á rannsókn máls. Þegar framangreind atvik eru virt og eðli þeirra brota sem rannsóknin beindist að, verður að ætla lögreglu einhvern tíma til þess að afla sem gleggstra upplýsinga og vinna úr sönnunargögnum, áður en tekin er ákvörðun um næstu skref, en stefndi kveður gögnin hafa verið umfangsmikil. Verður að telja að sá tími hafi ekki verið úr hófi, en stefnandi var grunaður um aðild að fíkniefnabrotum í umfangsmikilli rannsókn sem tengdist fleiri aðilum. Þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að óeðlilegur dráttur hafi verið á málinu sem stefndi beri ábyrgð á þannig að hann hafi verið í andstöðu við 70. gr. stjórnarskrárinnar og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið hefur stefnandi ekki sýnt fram á það að rannsóknaraðilar hafi við rannsókn málsins sýnt af sér saknæma og ólögmæta háttsemi eða ólögmæta meingerð gegn frelsi, friði, æru eða persónu stefnanda, sbr. 26. gr. skaðabótalaga, nr. 50/1993.

Samkvæmt öllu framansögðu verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu þykir rétt að hvor aðila beri sinn kostnað af málinu.

Stefnandi nýtur gjafsóknar, samkvæmt gjafsóknarleyfi, dagsettu 26. september 2012. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, sem þykir hæfilega ákveðin 600.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminn kvað upp Krístrún Kristinsdóttir héraðsdómari. Dómarinn tók við meðferð málsins 2. apríl 2013.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfum stefnanda, Dainius Zelvys.

Málkostnaður fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hans, 600.000 krónur.

Krístrún Kristinsdóttir